

Ferðamynstur og vinnusóknarsvæði, Akranes, Selfoss og Hveragerði – Janúar 2018. Lilja G. Karlsdóttir, Viaplan.

Tilgangur verkefnisins var að rannsaka ferðamynstur (e. commuting patterns) fólks sem er búsett og/eða vinnur á Akranesi, Selfossi og í Hveragerði, til þess að geta skilgreint vinnusóknarsvæði. Áður hafa verið unnin sams konar verkefni fyrir Mið-Austurland, Höfuðborgarsvæðið og Norðanverða Vestfirði, styrkt af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar og fyrir Akureyri og Húsavík, styrkt af Bygðarannsóknasjóði.

Erlendis er ferðamynstur fundið þannig að búseta fólks og starfsstöð eru samkeyrð í gagnaböndum hagstofu viðkomandi lands. Hérlandis finnast upplýsingar um starfstöðvar hins vegar ekki í opinberum gagnagrunnum, heldur einungis hjá fyrirtækjunum sjálfum eða bara alls ekki. Vonir standa til að slíkar upplýsingar verði aðgengilegar á næstu árum, til dæmis gegnum skattframtöl, enda hefur verið vel tekið á ábendingar um það hjá hlutaðeigandi aðilum. Eina leiðin til að kanna þetta hérlandis hingað til er því að spyrjast fyrir hjá fyrirtækjum og starfsmönnum sjálfum.

Í þessu verkefni var stuðst við spurningakönnun. Af vinnandi fólki á aldrinum 20-67 ára á Akranesi, Selfossi og í Hveragerði, tóku 698 þátt (5,8% af heildarfjöldanum). Auk þess fengust upplýsingar frá Norðuráli á Grundartanga um búsetu ríflega 700 starfsmanna þar eftir póstnúmerum.

Í skýrslunni kemur fram að árið 2008 var gert kort af vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Íslandi í samvinnu við Bygðastofnun og atvinnuþróunarfélög. Kortið hefur síðan verið uppfært og er kort frá 2014 birt í skýrslunni. Niðurstöður þessa verkefnis sýna að vinnusóknarsvæði Akraness og Selfoss virðast töluvert minni en kort Bygðastofnunar sýnir. Fyrir Akranes benda niðurstöður til að vinnusóknarsvæði bæjarins sé eingöngu Akranes-Hvalfjarðarsveit og höfuðborgarsvæðið, en mjög fáir sækja vinnu í norðurátt. Fyrir Selfoss benda niðurstöður til að vinnusóknarsvæðið nái frá höfuðborginni og að Selfossi og mjög fáir þátttakendur sækja vinnu austur í átt að Hellu og Hvolsvelli.

Það kemur einnig fram Niðurstöður verkefnisins benda einnig skýrt til þess að hafi fólk möguleika á því, kýs það að vinna nálægt heimabyggð. Af því tilefni er því velt upp hvort framtíðarstefna í skipulagsmálum ætti að vera sú að reyna að styrkja fleiri byggðarsvæði í stað þess að hvetja til lengri ferðalaga innan stærri atvinnusvæða.